

**Samkomulag**  
**mennta- og menningarmálaráðherra og Kennarasambands Íslands**  
**um aðlögun kennarastarfsins að nýjum framhaldsskólalögum**

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 með síðari breytingum munu taka að fullu gildi árið 2015. Breytt lög, nýjar námskrár og lenging kennaramenntunar gera það að verkum að endurskoða þarf margvísleg sem snýr að skólastarfinu, fyrirkomulagi þess og vinnu starfsmanna í skólum. Meðal þess sem vinna þarf að er að samræma efni kjarasamninga og menntastefnu fyrir skólastigið.

Það er skoðun aðila að starfið í framhaldsskólum byggji á faglegu sjálfstæði kennara og skóla, framsæknum kennsluháttum og markvissri skólaþróun. Fyrirkomulag vinnutilhögunar kennara þarf að taka mið af þessu. Skapa þarf aðstæður sem ýta undir samvinnu milli kennara um nám og skólagöngu nemenda, sem getur meðal annars varðað kennslu og námsmat, námskrágerð og þróun starfsumhverfis.

Aðilar eru sammála um að skipa starfshóp um málefni framhaldsskólans. Starfshópurinn verði skipaður þremur fulltrúum frá Félagi framhaldsskólakennara, einum fulltrúa Félags stjórnenda í framhaldsskólum, tveimur fulltrúum mennta- og menningarmálaráðherra, einum fulltrúa Félags íslenskra framhaldsskóla og einum fulltrúa tilnefndum af fjármálaráðherra. Hópurinn starfar á forræði mennta- og menningarmálaráðherra sem skipar formann og setur hópnum erindisbréf í samræmi við samkomulagið.

Í starfi sínu hafi starfshópurinn að leiðarljósi:

- Að gaumgæfa vinnutilhögun kennara með það fyrir augum að mæta þörfum fjölbreytts framhaldsskóla (t.d. verkefnasamsetning og fleira) þar sem tekið er mið af stefnu, námskrá og nemendasamsetningu hvers skóla og gefið aukið svigrúm til fjölbreytilegs námsmats og kennsluhátta.
- Aukna menntunarpörf starfandi kennara vegna breytts hlutverks kennarans og skólans sem menntastofnunar.
- Að í vinnuskyldu kennara geti falist stefnumótun, námskrágerð, eftirfylgni og umsjón með nemendum.
- Að skapa aðstæður sem stuðla að samvinnu milli kennara um nám og skólagöngu nemenda. Hún getur meðal annars varðað kennslu og námsmat, námskrágerð og þróun starfsumhverfis.
- Að kennurum sé áfram treyst fyrir faglegum þætti kennslunnar og skipulagi.
- Að tryggja aðgang að sérfræðipjónustu, ráðgjöf og handleiðslu.

Starfshópurinn skýri með hvaða hætti ofangreind atriði hafa áhrif á vinnuumhverfi og starfsskilyrði kennara, náms- og starfsráðgjafa og stjórnenda í skólunum. Starfshópurinn skili drögum að niðurstöðum sínum í byrjun apríl 2012 og lokaáliti sínu fyrir miðjan maí. Þau tímamörk miða að því að tími gefist til kynningar og útfærslu nauðsynlegra breytinga.

Reykjavík, 26. maí 2011

f.h. mennta- og menningarmálaráðherra

*Þeygrind Rós Magnúsdóttir*

f.h. Kennarasambands Íslands

*Adalheiður Skingsd.*  
*Ólafur Halim Jónsdóttir*